

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2398****2018/EES/85/25****frá 17. desember 2015****um upplýsingar og skjöl í tengslum við umsókn frá stöð, sem er staðsett í þriðja landi, um innfærslu í Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 15. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013, einkum í III. bálki hennar, er mælt fyrir um kröfur vegna skipaendurvinnslustöðva sem vilja endurvinnna skip, sem sigla undir fána aðildarríkis Evrópusambandsins, og sækja þar með um innfærslu í Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar.
- 2) Í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er skrá yfir upplýsingar og skjöl sem skipaendurvinnslufyrirtæki eiga að leggja fram sem hluta af umsóknarskjölum sínum fyrir skipaendurvinnslustöðvar, sem eru staðsettar í þriðja landi, til að þær verði teknar inn í Evrópuskrána. Enn fremur er í 2. mgr. 16. gr. skrá yfir upplýsingar sem á að birta í Stjórnartíðindunum um skipaendurvinnslustöð sem tekin verður inn í Evrópuskrána.
- 3) Andstætt við aðrar framkvæmdargerðir, sem verða samþykktar samkvæmt reglugerðinni um endurvinnslu skipa, er ekkert alveg jafngilt sniðmát tiltækt í alþjóðlega Hong Kong-samningnum frá 2009 um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa. Sniðið, sem gefið er í viðaukanum, nær því yfir viðeigandi útdrætti úr 5. viðbæti við Hong Kong-samninginn („Document of Authorization of Ship Recycling“ — DASR) og úr viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem tengjast skipaendurvinnslustöðvum, og bætt er við kröfum um upplýsingar og skjöl sem bætt er við í reglugerðinni um endurvinnslu skipa (eins og tilgreint er í 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. Reglugerðarinnar).
- 4) Skriflegt samráð var haft við hagsmunaaðila um efni þessarar ákvörðunar. Í viðaukanum er tekið tillit til athugasemda sem gerðar voru.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingarnar og skjölin, sem krafist er til að auðkenna skipaendurvinnslustöð, sem staðsett er í þriðja landi, sem sækir um innfærslu í Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar, skulu lögð fram á sniðinu sem er að finna í viðaukanum.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 17. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018 L 332, 18.12.2018, bls. 145. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2013 L 330, 10.12.2013, bls. 1.

VIÐAUKI

1. HLUTI

Auðkenning á skipaendurvinnslustöð

Heiti skipaendurvinnslustöðvar	
Sérstakt auðkennisnúmer endurvinnslufyrirtækis	
Fullt heimilisfang skipaendurvinnslustöðvar	
Aðaltengiliður	
Símanúmer	
Tölvupóstfang	
Heiti eignarhaldsfyrirtækis, heimilisfang og tengiliðaupplýsingar	
Vinnutungumál	

2. HLUTI

Viðbótarupplýsingar

Aðferð(ir) við endurvinnslu ⁽¹⁾	
Tegund(ir) skipa sem hægt er að endurvinna	
Málsmeðferð við samþykki fyrir endurvinnsluáætlun skips ⁽²⁾	
Fjöldi starfsmanna ⁽³⁾	
Hámark skipaendurvinnslufrálags sem næst á tilteknu ári á síðastliðnum 10 árum (í eigin þyngd í tonnum (LDT)) ⁽⁴⁾	

Lýsing á skipaendurvinnslustöðinni (skipulag, dýpt vatns, aðgengileiki, o.s.frv.)

- (¹) Sjá t.d. 3. lið í lið 3.4.1 í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, ályktun MEPC.210(63), bls. 24.
- (²) Þetta varðar verklagsreglu sem um getur í 3. mgr. 7. gr. og b-lið 2. mgr. 15. gr. í reglugerðinni um endurvinnslu skipa.
- (³) Þegar sótt er um.
- (⁴) Talan skal skjalfest, t.d. með opinberum staðfestingum á að endurvinnslu skipa, sem voru í endurvinnslu þetta tiltekna ár, hafi verið lokið, þar sem fram kemur eigin þyngd skipanna í tonnum. Samkvæmt 32. gr. reglugerðar ESB um endurvinnslu skipa er talan reiknuð út sem „summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum, sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð. Hámarksskipaendurvinnslufrálagið er ákvarðað með því að velja hæsta gildið frá undanförunum tíu árum fyrir hverja skipaendurvinnslustöð eða, ef um er að ræða skipaendurvinnslustöð sem er nýbúin að fá stafsleyfi, hæsta árlega gildið sem náðst hefur á þeirri starfsstöð“.

Þung vinnutæki

Vélar til að lyfta þungu

t.d. bómukrani: 60 tonn

t.d. færanlegur lyftikrani: 35 tonn × 1, 27 tonn × 1

t.d. vökvaknúin vélskófla (e. *hydraulic backhoe*): SH400, ZX330, SK220, ZX200 með klippum, segull

t.d. vökvaknúnar klippur: 600 tonn × 1

t.d. bílvog: 50 tonn

Bátur

t.d. brúttótonn: 5 tonn, vélarafli: 240 HP

Klippur

t.d. afkastageta: 600 tonn

Annar búnaður	
Súrefnisveita	t.d. skömmunarkerfi fyrir fljótandi súrefni (O ₂); 10 m ³
Gasveita	t.d. flöskur með fljótandi jarðölfugasi
Þrýstiloft	
Slökkvitæki	t.d. handslökkvitæki, afkastageta
Meðhöndlun olíuúrgangs	t.d. tankur til að aðskilja olíu og vatn Rúmtak tanks: u.þ.b. 20 tonn
Geymsla úrgangs	t.d. gámur fyrir asbest: 2
Brennsluofn(ar)	t.d. enginn
Rafaflgjafi	t.d. aðveitustöð
Staðsetning stöðvar ⁽¹⁾	
Skipting og flokkun staðsetningar	t.d. eftirlitssvæði í þéttbýli
Stöðvarsvæði (í m ²)	
Svæði með slitlagi	

Staðsetning stöðvar ⁽¹⁾	
Jaðarumhverfi	t.d. verksmiðjur: fyrrum grjótnámur, tvær smábátahafnir í nágrenninu, viðkvæm umhverfissvæði
	t.d. húsnæði: einkaheimili við innganginn og 200 m frá innganginum

⁽¹⁾ Kort af svæðamörkum skipaendurvinnslustöðvarinnar og staðsetningu skipaendurvinnslustarfseminnar innan hennar er fest við skv. e-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

Skírteini/leyfi starfsfólks ⁽¹⁾	
Skírteini/leyfi	Fjöldi starfsfólks/réttindi og hæfi ⁽²⁾
1) Stjórnandi meðhöndlunar á asbesti	
2) Stjórnandi meðhöndlunar á PCB-efnum	
3) Meðhöndlun á tilteknum efnum	
4) Námskeið um meðhöndlun á asbesti	
5) Gasskurður	
6) Logsuða	
7) Meðhöndlun á sinki	
8) Lyfting	

Skírteini/leyfi starfsfólks ⁽¹⁾	
Skírteini/leyfi	Fjöldi starfsfólks/réttindi og hæfi ⁽²⁾
9) Vélar til að lyfta þungu	
10) Farmaður	
11) Kafari	
12) Fjarlægging hættulegra efna (Efni A)	
(Efni B)	
(Efni C)	
(Efni D)	
(Efni E)	
(Efni F)	
(Efni G)	
(Efni H)	
(Efni I)	
(Efni J)	
(Efni K)	

(¹) Vinsamlega athugið að einungis er nauðsynlegt að fylla út samsvarandi línur í töflunni að því er varðar þau hættulegu efni sem skipaendurvinnslustöðinni er heimilt að fjarlægja.

(²) Vinsamlega athugið að skipaendurvinnslufyrirtækið verður ætíð að geta lagt fram sönnun fyrir hæfi sérhvers starfsmanns, sem hefur leyfi til að sjá um að fjarlægja hættuleg efni, fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða fulltrúa sem koma fram fyrir hennar hönd.

3. HLUTI

Staðfesting á leyfi, skírteini og heimild sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa veitt til að annast skipaendurvinnslu

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa skal skipaendurvinnslufyrirtækið leggja fram afrit af skjali/skjölum, sem lögbær yfirvöld þess hafa gefið út, til að annast endurvinnslu skipa (¹) og, þar sem við á, leyfi, skírteini eða heimild frá lögbærum yfirvöldum til allra verktaka þess og undirverktaka sem koma með beinum hætti að endurvinnsluferli skipa.

(¹) Ef viðkomandi lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld gefa ekki út sérstak leyfi, skírteini eða heimild til að annast endurvinnslu skipa skal umsækjandinn taka þetta skýrt fram í umsókn sinni og leggja fram önnur viðkomandi leyfi, skírteini eða heimildir sem tengjast starfsemi fyrirtækisins.

Skjal/skjöl sem varða leyfi, skírteini eða heimild er(u) fest við umsóknarskrána ⁽¹⁾:

Heiti skjalsins	Útgáfuland	Lögbært útgáfufirvald	Útgefið (<i>dagsetning</i>)	Gildir til (<i>dagsetning</i> eða <i>ótímabundið</i>)	Viðtökuaðili ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Heiti skipaendurvinnslufyrirtækisins og/eða viðkomandi verktaka/undirverktaka samkvæmt skjalinu.

4. HLUTI

Geta og takmarkanir skipaendurvinnslustöðvar

4.1. Afkastageta skipaendurvinnslu

Skipaendurvinnslustöðin hefur heimild til að taka á móti skipi til endurvinnslu, með fyrirvara um eftirfarandi stærðartakmarkanir:

Hámarksrúmtak skips sem á að endurvinna	Aðrar takmarkanir
Burðargeta	
Brúttótonn	
Eigin þyngd í tonnum	
Lengd	
Breidd	
Breidd alls	
Dýpt	

⁽¹⁾ Vinsamlega tilgreinið í töflunni og viðfestið afrit af öllum leyfum, skírteinum eða heimildum sem lögbær yfirvöld hafa veitt.

4.2. Örugg og umhverfisvæn meðhöndlun hættulegra efna

Skípaendurvinnslustöðin hefur heimild til að taka á móti skipi til endurvinnslu, sem inniheldur hættuleg efni eins og tilgreint er í eftirfarandi töflu, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram hér á eftir:

Meðhöndlun hættulegra efna ⁽¹⁾	Lýsing á meðhöndlunarstigum ⁽²⁾
1) Asbest	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs
Meðhöndlun hættulegra efna	Lýsing á meðhöndlunarstigum
2) Ósoneyðandi efni	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs
Þungmálmar:	Fjarlæging
3) Gróðurhindrandi efnasambönd og -kerfi úr lífrænum tinsamböndum	Geymsla
4) Kadmíum og kadmíumefnasambönd	Meðhöndlun úrgangs
5) Sexgilt króm og efnasambönd með sexgildu krómi	
6) Blý og blýefnasambönd	
7) Kvikasilfur og kvikasilfursefnasambönd	
Eldtefjandi efni:	Fjarlæging
8) Fjölbrómaðir dífenýleterar (PBDE)	Geymsla
9) Hexabrómsýklódódekan (HBCDD)	
10) Fjölbrómað bífenýl (PBB)	Meðhöndlun úrgangs
11) Geislavirk efni	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs

Meðhöndlun hættulegra efna	Lýsing á meðhöndlunarstigum
Önnur þrávirk, lífræn mengunarefni 12) Fjöklóruð bifenyli (PCB) 13) Perflúoroktansúlfónsýra (PFOS) 14) Fjöklóruð naftalen (með fleiri en þrjú klóratóm) 15) Tiltekin keðjustutt, klóruð paraffín (SCCP) (alkön, C10-C13, klór)	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs
16) Hættulegir vökvar, leifar og botnfall	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs
17) Málning og yfirborðsmeðferðarefni sem eru mjög eldfim og/eða leiða til eitradrar losunar	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs
18) Önnur hættuleg efni sem ekki eru skráð hér að framan og eru ekki hluti af byggingu skipsins (tilgreinið)	Fjarlæging Geymsla Meðhöndlun úrgangs

- (1) Að því er varðar meðhöndlun á sérhverju atriði skal tilgreina landsbundnar og/eða alþjóðlegar kröfur til hliðsjónar. Taka skal fram hvers konar takmarkanir sem settar eru samkvæmt heimild sem veitt hefur verið af lögbæru yfirvaldi/lögbærum yfirvöldum landsins þar sem stöðin er staðsett. Hættulegu efnin kunna að vera til staðar í hlutum skipsins eða búnaði (t.d. í málningu eða sem plastíblöndunarefni) eða í efnablöndum (t.d. kælivöknum).
- (2) Samkvæmt ii. lið f-liðar í 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar skal 1) tilgreina hvaða ferli við meðhöndlun verður beitt, 2) tilgreina hvar starfsemin fer fram (annað hvort innan stöðvarinnar eða í úrgangsmeðhöndlunarstöð á síðari stigum – í síðara tilvikinu skal einnig veita upplýsingar, þ.m.t. heiti stöðvarinnar og tengiliðaupplýsingar og 3) leggja fram sönnun fyrir því að aðferðinni, sem er notuð, verði beitt án þess að það skapi hættu fyrir heilbrigði manna og á umhverfissvænan hátt.

5. HLUTI

Yfirlýsing varðandi endurvinnslu skipa sem sigla undir fána aðildarríkja ESB

ENDURVINNSLA SKIPA SEM SIGLA UNDIR FÁNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS

Hér með staðfestir, (*nafn*), fyrir hönd(*fyrirtæki*)
....., (hér á eftir nefnt „fyrirtækið“) (1) að fyrirtækið muni aðeins taka á móti skipum, sem

(1) Heiti skipaendurvinnslufyrirtækis

sigla undir fána aðildarríkja ESB, til endurvinnslu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa. Enn fremur mun fyrirtækið:

a) áður en nokkur endurvinnsla skipsins fer fram:

- senda endurvinnsluáætlun skips, sem lögbært yfirvald samþykkir í samræmi við gildandi málsmeðferð ⁽¹⁾, til eiganda skipsins og stjórnvaldsins eða viðurkenndrar stofnunar sem hefur leyfi frá því,
- tilkynna stjórnvaldinu að skipaendurvinnslustöðin sé að öllu leyti tilbúin til að hefja endurvinnslu skipsins,

b) þegar endurvinnslu skipa að öllu leyti eða hluta til er lokið í samræmi við þessa reglugerð, senda stjórnvaldinu, sem gaf út vottorðið um tiltækileika til endurvinnslu fyrir skipið, yfirlýsingu um verklok innan 14 daga frá lokadagsetningu endurvinnslu að hluta til eða öllu leyti í samræmi við endurvinnsluáætlun skipa. Yfirlýsingin um verklok mun innihalda skýrslu um atvik og slys sem skaðað hafa heilbrigði manna og/eða umhverfið, ef einhver eru.

.....

Staður Dagsetning

Undirskrift:

ATH: Yfirlýsingin gefur ekki til kynna að stöðinni sé ekki heimilt að samþykkja skip sem sigla undir fána þriðja lands.

6. HLUTI

Yfirlýsing um starfsemi við endurnýtingu og förgun úrgangs

STARFSEMI VIÐ ENDURNÝTINGU OG FÖRGUN ÚRGANGS

Samkvæmt alþjóðlega Hong Kong-samningnum um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa frá árinu 2009 er markmiðið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa að koma í veg fyrir, draga úr, lágmarka og, eftir því sem framkvæmanlegt er, koma í veg fyrir slys, meiðsli og önnur skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið sem stafa af endurvinnslu skipa. Í 5. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar er þess krafist að skipaendurvinnslufyrirtækið verði að geta sýnt fram á að úrgangsmeðhöndlunarstöðin sem tekur við úrganginum verði rekin í samræmi við staðla fyrir verndun heilbrigðis manna og umhverfis sem eru í stórum dráttum jafngildir viðeigandi alþjóðlegum stöðlum og stöðlum Evrópusambandsins.

Hér með staðfestir, (*nafn*), fyrir hönd.....(*fyrirtæki*)
.....(hér á eftir nefnt „fyrirtækið •“) ⁽²⁾ eftir bestu vitund að úrgangsmeðhöndlunarstöðin eða -stöðvarnar, sem taka á móti úrgangi frá skipaendurvinnslustöðinni, er/eru:

- a) með heimild frá lögbær landsyfirvöldum sínum til að meðhöndla úrganginn sem hún tekur/þær taka á móti,
- b) starfrækt(ar) í samræmi við staðla fyrir verndun heilbrigðis manna og umhverfis sem eru í stórum dráttum jafngildir viðeigandi alþjóðlegum stöðlum og stöðlum Evrópusambandsins.

Ásamt þessari yfirlýsingu lætur fyrirtækið í té afrit af öllum viðeigandi skjölum sem úrgangsmeðhöndlunarstöðin eða -stöðvarnar hafa aflað sér (sjá 2. hluta).

Staður Dagsetning

Undirskrift:

⁽¹⁾ Tílhöguninni er lýst í 3. mgr. 7. gr. í reglugerðinni um endurvinnslu skipa.

⁽²⁾ Heiti skipaendurvinnslufyrirtækis.

7. HLUTI**Áætlun fyrir skipaendurvinnslustöð**

ÁÆTLUN FYRIR SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐ

Í samræmi við g-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa frá 20. nóvember 2013 er þess krafist að skipaendurvinnslufyrirtækið staðfesti að það hafi samþykkt áætlun fyrir skipaendurvinnslustöð með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Ég (*nafn*), lýsi því yfir að áætlun fyrir skipaendurvinnslustöð var samþykkt af (*fyrirtæki*)⁽¹⁾. Afrit af áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðina er fest við umsóknarskjölin.

Staður Dagsetning

Undirskrift:

8. HLUTI**Viðmiðanir um öryggi fyrir vinnu með hita og örugga aðkomu**

Samkvæmt d-lið 2. mgr. 15. gr. leggur skipaendurvinnslufyrirtækið fram sönnun fyrir því að skipaendurvinnslustöðin geti komið sér upp, viðhaldið og vaktað viðmiðanirnar um öryggi fyrir vinnu með hita og örugga aðkomu í gegnum allt skipaendurvinnsluferlið.

	Sannanir eru festar við umsóknarskrána ⁽¹⁾
Öryggi fyrir vinnu með hita	
Skilyrði fyrir öruggri aðkomu	

⁽¹⁾ Sjá viðkomandi útdrætti úr áætlun fyrir skipaendurvinnslustöð sem eru festir við þessa umsókn.

⁽¹⁾ Heiti skipaendurvinnslufyrirtækis